

Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæði

Óseyri 2 pósthólf 120 602 Akureyri

S. 4604477 8935350 bréfsími 4604478

Árið 2003 þriðjudaginn 21. október kl. 13.30 e.h. kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til 18. fundar að Óseyri 2 Akureyri. Formaður Hreiðar Hreiðarsson setti fundinn. Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

1. Sveinn Jóhannesson Hóli Grýtubakkahrepp sækir um leyfi til að rífa gamalt íbúðarhús mhl 02, sem staðið hefur ónotað frá því í sept. 2001 og kartöflugeymslu mhl 06.

Samþykkt.

2. Erindi frá Jóni Geir Ágústssyni Hamragerði 21 Akureyri um leyfi fyrir byggingu sumarhúss á landspildu úr landi Meyjarhóls samkvæmt meðfylgjandi teikningum eftir umsækjanda. Erindinu fylgir kaupsamningur og afsal.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

3. Tekin fyrir úttektarskýrsla dags 20. okt. 2003 vegna Sólheima 1, Svalbarðsstr.hr. undirrituð af Tryggva Tryggvasyni verkfræðingi.

Krafist var þess á fundi byggingarnefndar 17. desember 2002 að fenginn yrði eftirlitsaðili með framkvæmdum að Sólheimum 1 þar til að þeim lyki. Óskaði byggingarfulltrúi eftir með bréfi dags. 30. des. 2003 til Tryggva Tryggvasonar, að hann tæki eftirlitið að sér og varð hann við þeirri ósk.

Páll Alfredsson byggingarstjóri hefur ítrekað farið fram á að fá fokheldisvottorð vegna lántöku út á byggingarframkvæmdir að Sólheimum 1. Byggingarfulltrúi fór í úttekt föstudaginn 21. mars og í ljós kom að byggingin uppfyllti ekki skilyrði um fokheldi smkvæmt ÍST 51:2001. Fór byggingarfulltrúi þá fram á, að úttektarskýrsla frá Tryggva Tryggvasyni yrði lögð fram áður en fokheldisvottorð yrði gefið út.

Eftir umfjöllun nefndarinnar á skýrslunni og umræðum um málið á fyrri stigum, var ákveðið að byggingarfulltrúi og formaður byggingarnefndar mættu að Sólheimum 1 til skoðunar, að viðstöddum byggingarstjóra og öllum meisturum sem tóku að sé þessa framkvæmd. Einnig yrði óskað eftir að eftirlitsmaður Tryggvi Tryggvason og hönnuður Pröstur Sigurðsson yrðu viðstaddir úttektina.

4. Tekið fyrir erindi frá Fosslandi ehf, sem frestað var á fundi 16. sept. sl. þar sem lagðar eru fram nýjar teikningar um breytingu á utanhússklæðningu frá samþykktum teikningum að Fosslandi 1, Eyjafjarðarsveit. Framkvæmdinni hefur þegar verið lokið.

Byggingarnefnd átelur byggingarstjóra fyrir að framkvæma verkið án þess að fá samþykki nefndarinnar fyrir breytingunum, en fer þó ekki fram á að húsið verði fært í það form sem fyrri teikningar sýna, enda um verulega kostnaðarsama aðgerð að ræða. Nefndin vill láta koma fram að þær breytingar sem hönnuður sýnir á framlögðum teikningum eru alfarið á hans ábyrgð og þeirra aðila sem unnu verkið.

5. Mælifell ehf Háholti 2, Vopnafirði sækir um leyfi fyrir geymsluskúr á lóð sinni nr. 13 á skipulögðu sumarhúsasvæði á jörðinni Eyrarlandi Eyjafjarðarsveit samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Opur ehf teikni-& verkfræðistofu.
Samþykkt.

6. Fallorka ehf Logafoldi 59 Reykjavík sækir um leyfi fyrir yfirfalli/stíflu í Djúpadalsá Eyjafjarðarsveit vegna virkjunarframkvæmda samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Hönnun Grensásvegi 1 Reykjavík. Fyrir liggur þinglýstur samningur við landeigendur og framkvæmdarleyfi Eyjafjarðarsveitar.
Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

7. Þórir Rafn Hólmgeirsson og Hólmgeir Valdimarsson leggja fyrir breyttar teikningar af íbúðarhúsi á lóð nr. B-5 á skipulögðu svæði á jörðinni Hólshúsum sem byggingarnefnd fjallaði um á fundi 6. maí sl. og gerði athugasemdir við. Meðfylgjandi teikningar eru frá Verkfræðistofu Suðurlands verk nr. 02264.
Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að afstöðumynd verði lagfærð.

8. Norðurorka hf Rangárvöllum Akureyri sækir um leyfi fyrir spennistöð á lóð úr landi Arnarneshrepps ofan Hjalteyrar samkvæmt meðfylgjandi teikningum nr. 752.3.107 frá Verkfræðistofu Norðurlands.
Samþykkt.

9. Lagt fram til kynningar bréf dags. 9. október 2003 frá úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála, vegna kæru frá Lárusi H. List, þar sem byggingarnefnd á fundi 20. ágúst 2002, synjaði honum um flutning á húsi frá Hjalteyrargötu 1 Akureyri. Húsið átti að setja niður á lóð nr. 14 á skipulögðu sumarhúsasvæði á jörðinn Geldingsá Svalbarðsstrandarhrepp.

Niðurstaða úrskurðarnefndar: „Við rannsókn úrskurðarnefndarinnar á málinu kom í ljós að húseign sú sem um ræðir, Hjalteyrargata 1, hefur verið flutt af grunni og sett niður á Árskógssandi. Þá hefur kæranda verið veitt byggingarleyfi vegna nýs frístundahúss á sumarhúsalóðinni nr. 14 að Geldingsá í Svalbarðsstrandarhreppi.

Með vísan til þessa á kærandi ekki lögvarða hagsmuni af því að fá úrskurð kveðinn upp í málinu og verður af þeim sökum ekki frekar fjallað um fram komnar kröfur.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða úrskurðarnefndarinnar að vísa beri kærurni frá nefndinni.”

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.30.

Hreiðar Hreiðarsson
Kristján Kjartansson
Jósavin Gunnarsson

Klængur Stefánsson
Bragi Pálsson